

Það er upplýst í málinu bæði með framburði kærðs og bátsmannsins, að hraði skipsins þær 55 mínútur, sem þeir telja, að þeir hafi siglt frá Öndverðanesi, er ágizkun, og það kemur beinlinis fram í framburði kærðs sjálfs, að skipið hafi einu sinni stanzað á þessari ferð til þess að gjöra dýpmælingar.

Með því að þessi staðarákvörðun kærðs og þess vitnis, sem nokkuð treysti sér til að segja um staðarákvörðunina, er byggð á ágizkun, fær dómari ekki séð, að þessar staðhæfingar geti á nokkurn hátt hnekt hinum nákvæmu mælingum varðskipsins, sem að gjörðar eru með hinum beztu tækjum og af þaulæfðum mönnum, né skýrslu skipherrans, sem sýna, að skipið var svo langt fyrir innan landhelgislinuna, og verður því að telja að með því sé fullsannað, að skip kærðs var að veiðum með botnvörpu innan landhelginnar rétt áður en það var tekið fast, kl. 7,27, árdegis í gær.

Það er sannað í málinu, að kærður, sem ekki er upplýst að hafi áður brotið íslenska fiskiveiðalöggjöf, hafi við hið umrædda tækifæri brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið fyrir það samkv. 3. gr. laganna, sbr. við 1. gr. laga nr. 7 frá 11. apríl 1924, hæfilega ákveðin 12500 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, eftir upplýsingu frá Landsbankanum, að hún jafngildi 81,65 aurum gulls, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum H. 64, St. Berlade, skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Föstudaginn 17. maí 1929.

Nr. 32/1929. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Guðlaugi Brynjólfssyni (B. P. Johnson).
Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 4. jan. 1929:

Ákærður, Guðlaugur Brynjólfsson, lyfsölumaður á Eyrarbakka, greiði 500 kr. í Menntamálasjóð, er afplánist með 31 dags einföldu fangelsi, svo og allan sakarkostnað.

Hið ídæmda að greiða innan 14 daga frá birting dóms þessa og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, er af undirdómaranum réttilega heimfært undir 21. gr. laga nr. 64, 7. maí 1928, og þykir refsing kærða hætilega ákveðin samkv. 38. gr. sömu laga 500 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hér í rétti, 50 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Guðlaugur Brynjólfsson, greiði 500 kr. sekt í rikissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi, ef hún fæst eigi greidd innan 14 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna, Lárusar Jóhannessonar og Bjarna P. Johnson, 50 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með játning kærðs, Guðlaugs Brynjólfssonar, lyfsölumanns, sem veitir forstöðu lyfjabúðinni á Eyrarbakka, er sannað, að

28. nóvbrm. f. árs skipaði hann, sem var sjúkur, vikaþilti sínum, Guðmundi Geir Ólafssyni, að afhenda Skúla Magnússyni lausamanni í Litlu-Sandvík, eina flösku og meinti með því venjulegan áfengisskammt, 210 gr. af spiritus concentratus. Var Skúla afhentur skammturinn, og gerðist hann svo drukinn af, að hann lét öllum illum látum, er heim kom, og því kærði þetta húsbóndi hans Guðmundur Þorvarðarson hreppstjóri í Litlu-Sandvík.

Brot kærðs, sem er 25 ára og hefir eigi áður sætt kærufyrir afbrot, á undir 21. gr. áfengislaganna, og þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er aflánist með 31 dags einföldu fangelsi.

Svo greiði hann allan sakar kostnað.

Á málinu hefir ekki orðið óhæfilegur dráttur.

Miðvikudaginn 22. maí 1929.

Nr. 34/1929. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Gísli Guðmundssyni (Pétur Magnússon).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. marz 1929: Kærður, Gísli Guðmundsson, sæti 14000.00 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, er greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti kærður einföldu fangelsi í 7 mánuði í stað sektarinnar. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfryjaða dóms, ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar sé 30 dagar frá lögbirtingu dóms þessa, og að vararefsingin verði 8 mánaða einfalt fangelsi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða